

Sp.

372. Tillaga til þingsályktunar

[188. mál]

um athugun á áfengisvandamálinu.

Flm.: Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd sjö alþingismanna til þess að rannsaka svo sem verða má ástandið í áfengismálum þjóðarinnar og eðli og orsakir þessa mikla vandamáls. Skal nefndin jafnframt kynna sér framkvæmd áfengisvarna, starfsemi bindindissamtaka og endurskoða eftir þörfum gildandi löggjöf um áfengismál. Að loknum athugunum sínum skal nefndin gera rökstuddar tillögur um þær úrbætur, er hún telur nauðsynlegar og framkvæmanlegar.

Greinargerð.

Það dylst engum hugsandi manni, að áfengisnautn veldur miklu böli hér á landi svo sem með flestum öðrum þjóðum. Skýrslur sýna, að áfengisnautn fer vaxandi, og stóraukin vinneyzla unglinga hlýtur að vera öllum mikið áhyggjuefni. Ýmis bindindissamtök áhugamanna hafa unnið ómetanlegt starf að áfengisvörnum, og með stofnun áfengisvarnaráðs var af opinberri hálfu hafin mikilvæg forusta um áfengisvarnir, en engu að síður hefur ríkt allt of mikið andvaraleysi um þetta mikla þjóðfélagsvandamál. Síðustu árin hefur þó stundum keyrt svo um þverbak og hneykslisatburðir orðið svo áberandi, að þjóðin hefur almennt rumskað og blöðin, sem óneitanlega geta haft mikið áhrifavald í þessum efnunum sem öðrum, hafa forðæmt ósómum og hvatt til varnaraðgerða.

En því miður hafa menn verið gjarnari á að finna að starfsháttum þeirra, sem reynt hafa að spyrna gegn áfengisbólinu, heldur en leggja þá sjálfir hönd á plóginn í virku starfi eftir öðrum leiðum til lækningar þessu vandamáli. Og hvaða skoðun sem menn kunna að hafa á starfi þessara eða hinna bindindissamtaka, þá er áfengisbölið orðið slíkt þjóðfélagsvandamál, að af hálfu ríkisvaldsins er ekki auðið að skjóta því lengur á frest að reyna að kanna þetta mikla vandamál til hlítar og freista þess að taka upp skipulega baráttu gegn hinum óheillavænlegu afleiðingum áfengisnautnarinnar. Það má auðvitað enginn láta sér til hugar koma, að umbætur á þessu sviði séu auðveldar, en hér er of mikið í húfi til þess, að leggja megi árar í bát.

Ýmsum kann að þykja ástandið í áfengismálum þjóðarinnar svo augljóst, að ekki þurfi sérstaka athugun á því, og naumast heldur hægt að vænta þess, að ný úrræði séu finnanleg. Það er hins vegar skoðun flutningsmanns, að hér sé þörf miklu ýtarlegri rannsóknar, bæði á eðli vandamálsins og orsökum þess.

Athugun þessi þarf að vera svo raunsæ og hlutlæg sem verða má. Auðvitað þarf að kynna sér reynslu þeirra aðila, sem að meira eða minna leyti hafa helgað sig áfengisvörnum og bindindisstarfsemi, og jafnframt styðjast við þekkingu sérfræðinga á áfengisvandamálinu, en það er skoðun flutningsmanns, að æskilegast sé, að hlutlaus opinber aðili annist athugunina og vinni að tillögugerð að rannsókn lokinni.

Bæði af þessari ástæðu og einnig til þess að leggja sérstaka áherzlu á mikilvægi málsins er hér lagt til, sem er óvenjulegt, að nefndin verði valin úr hópi alþingismanna. Á þann hátt er tryggt, að nefndarmenn séu í nánnum tengslum við löggjafann, og til þess að tryggja það, að allir þingflokkar geti átt aðild að þessari athugun, sem nauðsynlegt er að hafi alhliða stuðning, þótt málið sé ekki stjórnmálalegs eðlis, er lagt til, að nefndin verði skipuð sjö mönnum.

Það verður að teljast svo sjálfsagt, að eigi þurfi að taka það fram í tillögunni, að opinberar stofnanir skuli veita nefndinni nauðsynlega aðstoð, og enn fremur, að nefndinni sé heimilt að leita sérfræðilegrar aðstoðar eftir þörfum.